

FRÉTTABRÉF FORELDRAFÉLAGSINS

Haust 2018

Atburðir á vegum foreldrafélagsins haustið 2018

Fimmtudaginn **6. desember** - Piparkökumálun:

Söfnun á pökkum til Mæðrastyrksnefndar.

Fimmtudagurinn **13. desember**:

Jólaleikritið Jól í tösku í flutningi Þórdísar Arnljótsdóttur

Miðvikudagurinn **19. desember**:

Litlu jólin á Núpi. Heyrst hefur að jólasveinar muni

mæta á svæðið og skemmta börnunum og gefa þeim lítinn pakka.



Pakkar til Mæðrastyrksnefndar

Á Núpi hefur það tíðkast að þeir sem vilja og geta, gefi mæðrastyrksnefnd Kópavogs pakka fyrir jólin. Þannig kennum við börnunum okkar að vera þakklát fyrir það sem við höfum, finna til með öðrum, gefa af okkur og í leiðinni styrkjum við gott málefni.

Pakkana má koma með í piparkökumálunina þann 6. desember. Börnin á elstu deildunum sjá síðan um að fara með pakkana til mæðrastyrksnefndar Kópavogs sem kemur svo pökkunum áfram. Munið að merkja pakkana „strákur“ eða „stelpa“ og þann „aldur“ sem gjöfin hentar best fyrir.

Félagsgjöld

Greiðsluseðill var sendur í heimabanka foreldra með eindaga 15.11.2018.

Félagsgjöldin í ár eru 5.900 kr. Við hvetjum alla til að greiða félagsgjöldin, en þau eru forsenda þess að foreldrafélagið geti staðið fyrir ýmsum upþákomum fyrir börnin.

Aðalfundur foreldrafélagsins 2018

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 3. október.

Kosið var í stjórn fyrir skólaárið 2018-2019 og farið yfir atburði á vegum foreldrafélagsins síðastliðið skólaár.

Við þökkum þeim sem sáu sér fært að mæta!

Í stjórn foreldrafélags Núps skólaárið 2018-2019 sitja:

Auður Böðvarsdóttir – meðstjórnandi

Engilrád Ósk Einarsdóttir – ritari

Ester Ósk Gunnarsdóttir – meðstjórnandi

Halldóra Brynjólfsdóttir – formaður og skoðunarmaður reikninga

Kristín Fanney Þorgrímsdóttir – gjaldkeri

Fulltrúi kennara er Áslaug Pálsdóttir

Á döfinni á vorönn 2019

Eftirfarandi atburðir eru í burðarliðnum hjá foreldrafélaginu á vorönn 2019:

- Sveitaferðin verður á sínum stað
- Búið er að bóka 6 vikna dansnámskeið hjá Dagnýju í febrúar/mars
- Myndataka
- Stefnt er að því að því að leigja fimleikasal einn dag fyrir börnin
- Verið er að skoða möguleikann á fræðslukvöldi fyrir foreldra

Við hvetjum alla foreldra sem hafa góðar **hugmyndir** eða **ábendingar** að hafa samband við foreldrafélagið á **foreldrafelagnups@gmail.com**